

Reykjavík, 17. desember 2019

Samkomulag um sátt vegna brots Arion banka hf. á 2. mgr. 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 14. nóvember 2019 gerðu Fjármálaeftirlitið og Arion banki hf., hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 2. mgr. 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 2. mgr. 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) með því að hafa láðst að skrá greiningu hagsmunaárekstra með skipulögðum og formlegum hætti við veitingu fjárfestingarráðgjafar annars vegar í tengslum við kaup lífeyrissjóða á skuldabréfi í Kísli III slhf. og hins vegar við þátttöku sömu lífeyrissjóða í hlutafjárhækkunum í Sameinuðu sílikoni hf.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 21.000.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá mun málsaðili grípa til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þessi eigi sér ekki stað á ný.

Málsatvik

Sala á skuldabréfi Kísils III slhf.

Á árinu 2013 tók fyrirtækjaráðgjöf málsaðila að sér ráðgjöf, gegn greiðslu þóknunar, í tengslum við öflun fjármagns til byggingar á kísilmálmverksmiðju Sameinaðs sílikons hf. (United Silicon verkefnið). Í ráðgjöfinni fólst m.a. aðstoð við skráningu og sölu á skuldabréfi útgefnu af Kísli III slhf., félagi sem stofnað var utan um fjármögnun Sameinaðs sílikons hf., samtals að fjárhæð 13,4 milljónir evra, en málsaðili veitti jafnframt sölutryggingu á útgáfunni. Fyrirtækjaráðgjöf kynnti fjárfestingarkostinn fyrir fjárfestum, þ.m.t. eignastýringu málsaðila, sem síðan kynnti hann fyrir umbjóðendum sínum. Þrír þessara umbjóðenda voru lífeyrissjóðir sem hafa útvistað rekstri sínum til málsaðila. Þeir tóku ákvörðun um að fjárfesta í skuldabréfinu í febrúar árið 2015, en samkvæmt fjárfestingastefnu sjóðanna ber að leggja fyrirhugaðar fjárfestingar sem þessar fyrir stjórn til samþykktar. Á þessum tíma hafði lánasvið málsaðila skuldbundið málsaðila til að veita lán til verkefnisins sem nam allt að 49,5 milljónum evra.

Í þessum aðstæðum fólust hagsmunaárekstrar annars vegar milli tveggja viðskiptavina málsaðila og hins vegar milli málsaðila og lífeyrissjóðanna þriggja. Málsaðila bar að skjalfesta með formlegum og skipulögðum hætti að þessir hagsmunaárekstrar væru fyrir hendi og þær ráðstafanir sem málsaðili greip til vegna þess, sbr. 2. mgr. 8. gr. vvl., en slík skráning átti sér ekki stað.

Hlutafjárhækkunar í Sameinuðu Sílikoni hf.

Í maí og desember 2016 og í apríl 2017 ákváðu fjárfestar, þ.m.t. sömu þrír lífeyrissjóðir að taka þátt í hlutafjárhækkunum í Sameinuðu sílikoni hf. Þegar ljóst var orðið að kostnaðarauki hafði orðið í verkefninu og hlutafjárhækkunar því forsenda þess að halda mætti verkefninu áfram. Samkvæmt samningi áttu eigendur skuldabréfa Kísils III forgangsrétt að nýju hlutafé í Sameinuðu sílikoni hf. til jafns við hluthafa félagsins. Samkvæmt fjárfestingastefnu umræddra sjóða ber að leggja fyrirhugaðar fjárfestingar sem þessar fyrir stjórn til samþykktar.

Í maí 2016 lá fyrir að málsaðili hafði áður skuldbundið sig til að fjármagna United Silicon verkefnið um samtals 49,5 milljónir evra á árinu 2013. Í desember 2016 veitti málsaðili lánsloforð til viðbótar til verkefnisins fyrir 3 milljónum evra sem var efnt. Námu lánveitingar málsaðila til United Silicon verkefnisins í árslok 2016 þannig tæpum 6,3 milljörðum króna líkt og greinir í ársreikningi málsaðila fyrir árið 2017. Þar að auki átti málsaðili á sama tímapunkti 6% eignarhlut í félaginu og ótryggt skuldabréf að fjárhæð 877 milljónum króna. Málsaðili tók þátt í fyrrgreindum hlutafjárhækkunum í félaginu og fór eignarhlutur hans í 16,3% og síðar í 66,58% á árinu 2017 samkvæmt sama ársreikningi málsaðila.

Í þessum aðstæðum fólust hagsmunaárekstrar milli málsaðila og lífeyrissjóðanna þriggja. Málsaðila bar að skjalfesta með formlegum og skipulögðum hætti að þessir hagsmunaárekstrar væru fyrir hendi og þær ráðstafanir sem gripið var til vegna þessa, sbr. 2. mgr. 8. gr. vvl., en slík skráning átti sér ekki stað.

Málsaðili óskaði eftir því að málinu yrði lokið með gerð sáttar.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. vvl. skal fjármálafyrirtæki gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina þess. Þá skal fjármálafyrirtæki greina hagsmunaárekstra milli fyrirtækisins sjálfs annars vegar, þ.m.t. starfsmanna þess, einkaumboðsmanna eða aðila sem lúta yferráðum þess og viðskiptavina þess hins vegar og milli viðskiptavina fyrirtækisins innbyrðis, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Í 19. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestingavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja er að finna upptalningu á nokkrum tegundum hagsmunaárekstra sem fjármálafyrirtæki skal hafa við hliðsjónar við greiningu þeirra.

Að mati Fjármálaeftirlitsins felur skyldan í 2. mgr. 8. gr. vvl. m.a. í sér að fjármálafyrirtæki verður að greina í hverju tilviki fyrir sig hvort hagsmunaárekstrar séu fyrir hendi og hvort hinar almennu aðferðir og ráðstafanir sem beita skal, sem stefna um hagsmunaárekstra á að tiltaka skv. 20. gr. reglugerðar nr. 995/2007, séu fullnægjandi til að tryggja að hagsmunaárekstrar skaði ekki hagsmuni viðskiptavina. Leiði slík greining til að grípa þurfi til sérstakra aðgerða þarf að skjala þá greiningu þegar hún á sér stað og til hvaða aðgerða ákveðið var að grípa til að tryggja hagsmuni viðskiptavina. Við mat á því hvenær er þörf á að grípa til slíkra sérstakra aðgerða þarf að horfa til allra atvika sem máli skipta.

Til viðbótar framangreindum skyldum ber fjármálafyrirtæki að viðhalda skrá yfir þjónustu eða starfsemi þar sem skapast hafa hagsmunaárekstrar sem hafa í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist, eða muni skaðast, líkt og kveðið er á um í 21. gr. reglugerðarinnar. Greiningar sem gerðar eru samkvæmt skyldunni í 2. mgr. 8. gr. vvl. geta nýst sem færslur í slíka skrá.

Eins og fram hefur komið, fólust hagsmunaárekstrar í þeim aðstæðum sem samkomulag þetta varðar. Þá voru aðstæður með þeim hætti að málsaðila bar að gæta þess sérstaklega að skjalfesta greiningu hagsmunaárekstra með formlegum og skipulögðum hætti, sbr. 2. mgr. 8. gr. vvl. Í ljósi þess að nokkur svið málsaðila komu að þessu tiltekna verkefni, umræddir viðskiptavinir, þ.e. lífeyrissjóðirnir þrír, voru í sérlega viðkvæmri stöðu gagnvart málsaðila þar sem þeir eru í eignastýringu hjá málsaðila og hafa auk þess útvistað rekstri sínum til hans. Þá var um að ræða verulegar skuldbindingar í verkefninu af hálfu málsaðila og fjárfestingar fyrir háar fjárhæðir. Lífeyrissjóðirnir þrír fjárfestu jafnframt fyrir háar fjárhæðir í verkefninu, eða um 1,37 milljarða króna, en verkefnið var auk þess áhættusamt.

Samkvæmt 2. mgr. 141. gr. vvl. getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gróflega eða ítrekað gegn tilgreindum ákvæðum laganna, þ.m.t. 2. mgr. 8. gr. vvl. Að mati Fjármálaeftirlitsins eru framangreind skilyrði laga um verðbréfavíðskipti uppfyllt í málinu. Málsaðili hefur víðtækt starfsleyfi og aðstæður, sbr. framangreinda lýsingu, voru með þeim hætti að það var sérstaklega mikilvægt að málsaðili sinni þeirri skyldu sem á honum hvíldi skv. 2. mgr. 8. gr. vvl. og skjalfesti sérstaka greiningu á mögulegum hagsmunaárekstrum vegna umrædds verkefnis. Þá var hér um að ræða fleiri en eitt tilvik þar sem málsaðili brást þeirri skyldu sem lögð er á hann skv. 2. mgr. 8. gr. vvl.

Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna, en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 58/2015. Vegna brota, sem framin voru fyrir gildistöku laga nr. 58/2015, sem var 16. júlí 2015, geta stjórnvaldssektir á lögaðila numið frá 50.000 krónum til 50.000.000 króna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 2. mgr. 8. gr. laganna með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Sektarfjárhæð

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 326/2019. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 3. mgr. 141. gr. vvl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá

lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða. Vegna brota, sem framin voru fyrir gildistöku laga nr. 58/2015, skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í málinu hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að 2. mgr. 8. gr. vvl. er ætlað að stuðla að vernd hagsmuna fjárfesta. Hér verði þó að taka tillit til þess að umræddir lífeyrissjóðir eru allir fagfjárfestar og ákvarðanir um umræddar fjárfestingar voru teknar í stjórn hvers og eins þeirra. Til hækkunar á sektarfjárhæð horfir að málsaðili hefur einu sinni á sl. fimm árum gengist við broti á 1. mgr. 123. gr. vvl., sbr. sátt sem Fjármálaeftirlitið og málsaðili gerðu þann 18. nóvember 2015. Á móti horfir til lækkunar sektarfjárhæðar að nokkrar tafir hafa á orðið á meðferð málsins hjá Fjármálaeftirlitinu sem málsaðili ber ekki ábyrgð á.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, heildarveltu málsaðilans m.v. ársreikning hans fyrir árið 2018, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 21.000.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. vvl. og reglna nr. 326/2019.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.